

20. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafli.

Skipalag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjer-
stakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlanda-
málum er heiti bankans *Íslands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of
Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær
seðlabanki, sparisjódsdeild og veðdeild. Skal halda algjörlega aðgreindum vara-
sjóðum og öðrum eignum, útlánnum, innlánnum, bókfærslu og reikningshaldi
hverrar deildar fyrir sig.

*Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjódsdeild eða
þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI, og VII. kafla þá eigi
lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.*

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyui ber stjórn bankans einkanalega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum vld aðrur peningastofnanir í landinu, og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að álmennar hagsveiflur hafi í för með sjer.

2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnþje seðlabankans er 4 milj. kr., sem rikissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsþje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að rikissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga, og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögum og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í rikissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búíð er að eftirmynda eða falsa seðilinn. Þó að ekki sje búíð að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skirt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $\frac{1}{2}\%$ í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða er nemi $\frac{1}{4}$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

Ef seðlar bankans í umferð fara fram úr 12 miljónum króna, skal það, sem fram yfir er 12 miljónir, alt að 14 miljónum, trygt með 50% gullforða, frá 14 til 16 miljónir með 75% gullforða, og auk þess skal bankinn hafa auðselda eign, skv. 2. tölulið, til tryggingar þeim 50% eða 25%, sem ekki er trygður með gullforða; það sem þar kann að fara fram yfir, skal trygt að fullu með gullforða.

9. gr.

Til gullforða telst:

- a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
- b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógram af skíru gulli
- c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $\frac{1}{4}$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

- a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
- b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabryjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
- c. Vixlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
- d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
- e. Skuldabryjef, gefin út fyrir lánnum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti, að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmet trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjöggra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Pegar alveg sjerstaklega stendur á, svo sem vegna ófriðarástands eða afleiðinga þess, eða ef alveg óvenjuleg peningakreppa skellur á, er heimilt, með konunglegri tilskipun, að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 7. gr. um innlausn seðla, þó aldrei um lengri tíma en eitt ár í senn. Tilskipunin fellur úr gildi ef næsta Alþingi hefir eigi samþykkt hana fjórum vikum eftir þingsetningu.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera þá ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Landsbankanefndin eða ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að þeirra dómi umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugjörð bankans;
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Vixlar þeir og ávisanir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

3. Að kaupa og selja dýra málma.
4. Að veita lán gegn veði, þó ekki um lengri tíma en 12 mánuði, og reikningslán, sem uppsegjanleg sjeu með 3 mánaða fyrirvara.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf, sem ekki binda fje bankans, sem seðlabanka, um of.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sins eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir tillögum bankaráðs, að ábyrgjast erlend lán fyrir seðlabankann.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbréf. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbréfum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabréfum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvikjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem um fram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og formanni bankaráðsins er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slikum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærrí upphæð en svo, að nemi $\frac{1}{4}$ af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðarmót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kys. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og iunieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði sem skráð er 31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, skulu þau skráð með kaupverðinu.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 5 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til bliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans þannig, að varasjóður fær $\frac{1}{4}$ hluta en ríkissjóður $\frac{3}{4}$ hluta. Ef seðlabankinn

verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 3 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr., 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi $\frac{1}{3}$ af varasjóði bankans í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabréfum,
2. víxlum, er greiðast erlendis, eða
3. krófum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafn-skjótt og unt er, aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum, sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
4. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabréf má sparisjóðsdeildin ekki kuupa eða selja nema í umboði annara.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar $\frac{1}{3}$ af innlánsfje með sparisjóðskjörum, i tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabréfum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur

rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann tög þau, sem deildin kann að verða fyrir, og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði. nema öðru vísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð skipað 5 mönnum og framkvæmdarstjórn skipuð þrem mönnum.

34. gr.

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu til 6 ára. Annaðhvort ár ganga fimm úr nefndinni, í fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti, og kys sameinað Alþingi 5 menn í staðinn. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfn-um en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við og svo hver af öðrum innan listans þannig, að sá sem næstur er að atkvæðamagni kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir hefði verið á enda. Nú kemur það fyrir að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast og kys þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim, með atkvæðagreiðslu, og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín, en fá endurgreiddan ferðakostnað, er þeir kunna að greiða fyrir ferðir í þarfir starfs síns sem nefndarmenn.

35. gr.

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem ter með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvort ár; í fyrsta skifti ræður hlutkesti hverjir 2 úr skuli ganga. Formann bankaráðs má endurskipa og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varaformaður forfallast á sama hátt, áður en starfstími hans er á enda kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðlmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

36. gr.

Engan má kjósa í landsbankanefnd og bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

37. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávíkna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórnarnir hafa að árslaunum 12,000 krónur hvor og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af

fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af laununum, barda bankastjóranum, og 25% af laununum, handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

38. gr.

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, í aprilmánuði. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boða með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti, til hvers nefndarmanna.

39. gr.

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar eftir hvert skifti sem ný kosning hefir farið fram í nefndina skv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Hann boðar nefndina til funda skv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta, gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti ef báðir, forseti og 1. varaforseti eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum svo og allar ályktanir nefndarinnar.

40. gr.

Nefndarfundur er lögmætur ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr.

41. gr.

Landsbankanefndinni ber:

- a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
- b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkvæmt 35. gr. laga þessara.
- c. Að kjósa 2 endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b.- og c.-lið, vera blutfallskosningar.
- d. Að úrskurða reikninga bankans.
- e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

42. gr.

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi, tvisvar í hverjum mánuði 1. og 15. dag mánaðarins, eða næstan virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaðar þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þses, eða aðalbankastjóri óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. stafl. h. og í.

Bankastjórnarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórnana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal aðalbankastóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kvöfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

43. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir :

- a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.
- b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
- c. Að ákveða verkaskiftling milli aðalbankastjóra og hinna bankastjórnanna og setja bankastjórnunum erindisbrjef,
- d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og vikja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
- e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
- f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
- g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
- h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
- i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
- j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjórnanna.
- k. Að taka ákvörðun um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta eða löglegra nauðasamninga, eftir tillögu bankastjórnanna. Ef um er að ræða eftirgjöf á

skuld eins skuldunautar eða fjelags fleiri skuldunauta, sem fari fram úr 100000 krónum, skal landsbankanefndin taka ákvörðun um eftirgjöfina að fengnum tillögum bankastjóra og bankaráðs.

- l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
- m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.
- n. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

Bankaráðið getur, hvenær sem er, rannsakað eða falið einum eða fleirum úr bankaráðinu að rannsaka ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar og framkvæma endurskoðun i bankanum.

44. gr.

Aðalbankastjóri hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans. Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjórnanna, sem er eldri í stöðunni, eða, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni, sá, sem er eldri að árum i hans stað, Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjórnanna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á ákveðnum tíma á hverjum starfsdegi. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum og stjórnar þeim, en hefir ekki atkvæðisrjett. Ef atkvæði falla þannig, að öðru megin stendur aðalbankastjóri, en hinu megin hinir tveir bankastjórnarnir, getur formaður bankaráðsins þó ráðið því, að tillaga aðalbankastjóra skuli ná fram að ganga, ef hann vill fallast á hana. Að öðru leyti ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði aðalbankastjóra úrslitum.

Engin ályktun verður tekin nema tveir bankastjórar sjeu á fundi. Skrá skal i sjerstaka fundabók stutta skýrslu um það, sem fram fer á fundum framkvæmdarstjórnarinnar og allar ályktanir. Undirskrift formanns bankaráðsins og aðalbankastjóra, eða þess bankastjóra, sem kemur i hans stað, undir fundargerðirnar, er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr. c.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann i þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir svo gilt sje.

45. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 43. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

46. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki aðalbankastjóra og annars bankastjóra eða aðalbankastjóra og stafrsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 44. gr.

47. gr.

Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn nje hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmeun mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

48. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

49. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 30/0 af árs-launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjelt til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað. sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

50. gr.

Glatist viðtökuskirteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymsluþje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum

innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskirteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samsleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskirteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskirteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

51. gr.

Fje ófullráða manna og almánnastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, eð því er við verður komið, heimild til að taka við geymslu fje (depositum).

52. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið i hankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

53. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

54. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

55. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp i veðskuldabréf sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

56. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

57. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja veiðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu i þeim tíðindum, sem birta skal i stjórnarvaldaauglýsingar.

58. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til rikissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabryfum eða skuldabryfum bankans, hlutabryf bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

59. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

60. gr.

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum, komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

61. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvæðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Ákvæði 29. gr. koma til framkvæmda þegar bankaráðið ákveður.

62. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 37. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðal-bankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókarí, aðal-fjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

63. gr.

Pangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kaupþingskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef þau er ræðir um um i 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum líllögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað i aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim. er ræðir um i þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans i slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

64. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga i gildi þegar Alþingi ákveður. Pangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. b. lið um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið i gildi.

65. gr.

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út allt að 1 milljón króna. Seðlamagn þetta skal minna um 100,000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

66. gr.

Bankinn gengur inn i kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

67. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs, taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

68. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavixla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir allt að $\frac{5}{8}$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 milljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $\frac{1}{4}$ milljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fgrstu málsgreinar 47. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

69. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885 um stofnun Landsbankæ, lög nr. 2, 12. janúar 1900 um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m. og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin,

Athugasemdir við frumvarpið.

Frv. þetta er að mestu leyti sambljóða frv. um Landsbanka Íslands, eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd. á Alþingi 1926 (sjá Alþt. 1926, A. þskj. 171 og 556). Er í því gert ráð fyrir, að Landsbankinn verði seðlabanki, þó þannig, að veðdeild hans haldi áfram, sem sjerstök deild af bankanum, eins og hingað til, og að sparisjóður Landsbankans, sem nú er, verði aðskilinn frá seðlabankanum og fái á móta sjálfstæða stöðu innan bankaheildarinnar, eins og veðdeildin hefir.

Á frv. hafa verið gerðar einstöku orðabreytingar, sem alls eigi raska efninu, svo sem að notað er orðið seðlabanki í staðinn fyrir banki á allmörgum stöðum í II. kafla frv. Viðtækari orðabreytingar og efnisbreytingar eru hjer auðkendar með skálettri, og þykir rjett að geta þeirra sjerstaklega.

Við 1. gr.

Hjer er bætt við nýrri málsgrein, sem ekki er efnisbreyting. Það hefir þegar verið lögleitt, án þess að til framkvæmda hafi komið, að greina veðdeildina frá bankanum, og frv. er þannig úr garði gjört, að seinna meir getur löggjöfin greint sparisjóðsdeildina frá bankanum, ef ástæða þykir til. En lögum seðlabanka á sem sjaldnast að breyta, og miðar ákvæðið að því eingöngu, að þessi lagasetning geti farið fram án þess að í hinum sjerstöku lögum, sem sett kynnu að verða, þurfi að taka upp nein ákvæði er snerta hina almennu (V., VI. og VII.) kafla þessara laga.

Við 5. gr.

Stjórn Landsbankans hefir eftir beiðni ráðuneytisins yfirfarið frv. eins og það var samþykkt í Nd. 1926. og meðal annars bent á það, að seðlabankanum sje ætlað of lítið stofnfje í frv. (3 milj. kr.), og telur að það megi ekki vera minna en $4\frac{1}{2}$ milj. kr. Stjórnin hefir fallist á það, að 3 milj. sje of lítið stofnfje.

frv. fjárhagsnefndar n. d. 1924 og stjórnarfrv. 1925 var gert ráð fyrir 4 milj. kr. stofnfje, og þykir rjett að gjöra það einnig hjer, en taka þá jafnframt upp ákvæði um að innskotsfje ríkissjóðs samkv. lögum 10. nóv. 1913 teljist til stofnfjár sedlabankans.

Við 15. gr.

Stjórn Landsbankans hefir bent á það, að mest af því lánstrausti, sem Landsbankinn hefir haft erlendis, hafi verið með ábyrgð ríkisstjórnarinnar, og sje því ástæða til að taka upp í frv. heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka á sig slíka ábyrgð fyrir bankann. Þykir óhjákvæmilegt að taka þessa bendingu til greina.

Við 44. gr.

Stjórn Landsbankans hefir leitt athygli að því, að 45. (hjer 44.) gr. frv. eggur óeðlilega og óþarflega miklar skyldur á aðalbankastjórnann til að undirkrifa sjálfur fyrir bankann í daglegum rekstri, og er stungið upp á lagfæringu á þessu.

Við 61. gr.

Ákvæði 29. gr. um að sparisjóðsdeild skuli hafa að minsta kosti $\frac{1}{3}$ af nollánsfje sínu í verðbrjefum mundi, ef því væri komið í kring á skömmum tíma, og án tillits til árferðis, geta haft hið mesta tjón fyrir atvinnuvegina í för með jör. Er því stungið upp á að það sje á valdi bankaráðsins hvenær þetta ákvæði komi til framkvæmdar.

Við 63. gr.

Hjer er tekið upp efnið úr 20. gr. frv. frá 1926, með nokkrum breytingum. Landsbankastjórnin hefir vakið athygli á því, að umrædd 20. gr. virðist ekki liggja heima í kaflanum um sedlabankann, því að það gerði aðallega að treysta á sje sparisjóðsdeildarinnar til verðbrjefaverslunarinnar, og að í annan stað sje ákvæðið eftir eðli sínu bráðabyrgðaákvæði, sem væntanlega falli hurtu þegar jör kemst á venjuleg verðbrjefaverslun með gengisskráningu. Hefir þetta verið tekið til greina.

Feld hefir verið úr frv. ný 52. gr., sem var selt inn við meðferð málsins n. d. 1926, um skyldu opinberra stofnana og sjóða til þess að geyma fje sitt í Landsbankanum. Talsvert af þessu fje er reglulegt sparisjóðstje, og má sedlaankinn ekki veita því viðtöku, en eftir öðrum ákvæðum frv. virðist alveg óeðlilegt að gefa sparisjóðsdeild Landsbankans slík forrjettindi fram yfir aðra sparisjóði. Auk þess hefir tilsvarendi ákvæði í nógildandi lögum um Landsbankann eynst óframkvæmanlegt að því er snertir ríkisfje, og ekki rjett að hafa slík lögákvæði til þess svo að brjóta þau.

Við 68. gr.

Það virðist sjálfsagt að ákvæði 47. gr. 1. málsg, taki einnig til binna tjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka, af sömu ástæðum sem um bankastjóra Landsbankans.